

Nr. 001 / 11 Björgúlfur EA 312**Skipverji slasast á togveiðum**

Skipaskr.nr. 1476
Smíðaður: Akureyri 1977, stál
Stærð: 424,4 brl. 658 bt.
Mesta lengd: 49,85 m Skráð lengd: 44,88
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m
Vél: Wichmann 1546kW, 1976
Fjöldi skipverja: 13

Gögn:
Gögn RNS



Björgúlfur©Þorgeir Baldursson

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. janúar 2011 var Björgúlfur EA 312 á siglingu í Þverálshorni á Vestfjarðarmiðum. Veður: NA 15 - 20 m/s.

Skipverjar voru að gera stjórnborðstrollið kastklárt með því að hífa pokann aftur eftir þilfarinu. Einn þeirra hélt í leysi bakborðsmegin við pokann þegar ólag reið á stjórnborðssíðu svo skipið tók þunga bakborðsvelt. Við þetta sveiflaðist pokinn snögg í fang eins skipverjans sem féll afturábak og lenti með hægri síðu á grandararennu. Slasaði var talinn rifbeinsbrotinn og óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði hélt í leysið til að forða pokaum frá því að festast framan við spilið og þegar búið var að lyfta honum með pokagilsinum sveiflaðist pokinn undan veltunni;
- að slasaði hafði ekki færi á að fóta sig að nýju en reyndi að snúa sér í fallinu til að bera hendurnar fyrir sig en lenti með hægri síðu á bobbingapili en við það brotnuðu rif 8-9 og 10 við hrygg.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.